

## 016/00 - M.b. Auðbjörn ÍS-17

Auðbjörn ÍS-17 sekkur við bryggju á Barðaströnd

### M.b. Auðbjörn ÍS-17

Skipaskr.nr.: 1888

Smíðaður: í Noregi 1987 úr trefjaplasti

Stærð: 8,91 brl; 8,48 bt

Lengd: 9,90 m Breidd: 2,94 m Dýpt: 1,20 m

Vél: Cummins 96,00 kW Ágerð: 1987

Annað:

Földi skipverja: 2



Auðbjörn ©Sigurður Freyr Árnason

### Atvikalýsing

Hinn 20. nóvember 1999 var m.b. Auðbjörn ÍS-17 bundinn við gömlu bryggjuna á Brjánslæk og var stjórnborðssíðan að bryggju. Veður: suðvestan 3 vindstig, þurrt, skýjað, lítill sjór.

Báturinn hafði verið bundinn við bryggjuna í 3-4 daga vegna óhagstæðs veðurs en báturinn var gerður út til veiða á beitukóngi. Að kvöldi 20. nóvember um kl. 21:00 til 22:00 kom eigandinn um borð. Var vél gangsett og hugað að öðrum þáttum er varða bátinn.

Snemma morguns 21. nóvember var eiganda tilkynnt að báturinn væri sokkinn. Kom eigandinn að skömmu síðar og kom þá í ljós að netarúlla á stjórnborðssíðu var útslegin og hafði fest undir neðsta þrepi stiga á bryggjunni. Þegar eigandinn kom að var hálffallið út og tókst honum að losa netarúlluna undan stiganum en sigla bátsins var föst í fríholtum á bryggjunni.

Báturinn náðist á flot daginn eftir.

### Við rannsókn kom fram

- að haffærisskírteini bátsins var útrunnið;
- að háflóð var við Brjánslæk milli kl. 05:20 og 05:58 hinn 21. nóvember, straumur stækkandi;
- að sögn eiganda var báturinn bundinn við bryggjuna á hefðbundin hátt;
- að lest bátsins var skilin eftir opin.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök þess að báturinn sökk hafi verið að netarúlla eða síða bátsins hafi á fjörunni fest undir stiga eða klæðningu á bryggjunni sem hafi leitt til þess að á aðfallinu hafi báturinn hallast og sjór runnið inn í hann. Allar líkur benda til að báturinn hafi sokkið milli kl. 01:00 og 03:00 um nóttina.

Nefndin vill vekja athygli á því að brýn nauðsyn er fyrir eigendur smábáta að huga vel að frágangi báta við bryggjur og sérstaklega þegar stórstreymi er. Getur verið nauðsyn á að líta eftir bátum um liggjandann og byrjun aðfalls þótt veður gefi ekki beint tilefni til þess.

